

# NÁMS- OG STARFSRÁÐGGJÖF Í FANGELSUM

## Hvað skal felast

## í náms- og starfsráðgjöf

## í fangelsum?



Náms- og starfsráðgjöf er stöðugt ferli sem hjálpar fólki á öllum aldri og við hvaða aðstæður sem er í lífinu, að skilgreina getu sína, hæfileika og áhuga til að taka ákvörðun um menntun og starfsferil og að hafa áhrif á líf sitt, nám og störf, og aðra þætti þar sem þessir hæfileikar nýtast.

Ráðgjöfin nær yfir svið persónulegra og almennra þátta sem tengjast upplýsingagjöf, hæfnimati, stuðningi og fræðslu um ákvarðanatöku og starfsmatshæfni.

Náms- og starfsráðgjöf er stöðugt ferli sem hjálpar borgurum, á öllum aldri og við hvaða aðstæður sem er í lífinu, að skilgreina getu sína, hæfileika og áhuga til að taka ákvörðun um menntun og starfsferil og að hafa áhrif á líff sitt, nám og störf og aðra þætti þar sem þessir hæfileikar nýtast.

Ráðgjöfin nær yfir svið persónulegra og almennra þátta sem tengjast upplýsingagjöf, hæfnimati, stuðningi og fræðslu um ákvarðanatöku og starfsmatshæfni.

[www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms\\_Data/docs/pressData/en/educ/104236.pdf](http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/educ/104236.pdf)



## FRAMBOÐ:

### *Vera sýnilegt – í boði – í samræmi við þarfir hvers og eins*

Náms- og starfsráðgjöf, og hvað hún felur í sér fyrir einstaklinginn, skal kynna fyrir öllum föngum og starfsfólki, stjórnendum og öllum öðrum viðkomandi. Þjónustuna þarf að bjóða eftir mismunandi leiðum, bæði í staðbundnum viðtölum og með rafrænum hætti. Þjónustan þarf að vera í boði allan afplánunartímann, og eftir þörfum hvers einstaklings. Upplýsingar um hana þurfa að vera aðgengilegar á nokkrum mismunandi tungumálum. Náms- og starfsráðgjöf þarf að taka mið af óskum og aðstæðum hvers og eins.



## INNIHALD ÞJÓNUSTUNNAR:

### *Mismunandi aðgerðir í samfellu yfir lengri tíma*

Árangur af náms- og starfsráðgjöf er bestur þegar mismunandi aðferðum er beitt í samfellu yfir lengri tíma. Þjónustan þarf því að taka til mismunandi þátta í samhengi. Notendur þurfa að hafa aðgang að henni eftir mismunandi leiðum sem styrkja hver aðra, og fela í sér þætti sem örva þróun náms- og starfsferils. Notendur þurfa að fá þekkingu á og upplýsingar um menntun og vinnumarkað, svo þeir geti tengt saman námsgreinar og störf. Koma þarf á tengslum við atvinnulífið og vinnuveitendur, meta starfsreynslu og kynna fyrir þeim æðri menntun. Þjónustan getur t.d. byggt á átta þáttum Gatsbys um góða náms- og starfsráðgjöf.



## SAMHENGID Í ÞJÓNUSTUNNI

Þjónustan skal vera heildstæð og sveigjanleg og samræmis gætt milli þeirra aðila sem veita ráðgjöf í fangelsunum. Þeir sem málið varðar skulu skilgreina hlutverk og verkefni, og koma á heildstæðu samstarfi. Það felur í sér skriflega samninga um samstarfið. Við lausn úr afplánun skulu vera til staðar ferlar um formlegt samstarf ráðgjafa innan og utan fangelsanna.



## GÆÐI

Ráðgjafarnir þurfa að hafa sameiginlega sýn á markmiðin: Ráðgjöfin skal snúast um menntun og starfsþróun (sjá m.a. skilgreiningu Cedefop). Þeir sem sinna ráðgjöf skulu hafa til þess réttindi, ólík hlutverk krefjast mismunandi sérþekkingar. Náms- og starfsráðgjafar skulu hafa öðlast starfsréttindi og byggja starf sitt á viðurkenndum kenningum og aðferðum. Þeir skulu geta gengið að stöðugri strafsþróun og endurmenntun. Til staðar skal vera gæðamatskerfi þar sem notendur geta metið þjónustuna. Niðurstöðurnar nýtist til stöðugs endurmats og þróunar. Gæðamat tekur einnig til siðareglna.